

Nd.

26. Frumvarp til laga

[26. mál]

um breyting á lögum nr. 20 16. apríl 1962, um breyting á lögum nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason.

1. gr.

Í stað orðanna „að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar“ í 1. gr. laganna komi: að fengnu samþykki Alþingis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á seinasta þingi, en náði þá ekki afgreiðslu. Frv. fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Það er talin undirstaða heilbrigðs efnahagskerfis hjá siðmenntuðum þjóðum, að sem minnstar breytingar séu gerðar á verðgildi gjaldmiðilsins. Reynslan hefur líka orðið sú, að þar, sem gerðar hafa verið miklar og tíðar breytingar á skráningu gjaldmiðilsins, hefur skapast mikil ringulreið og óvissa í efnahagsmálum og vandamálin orðið meiri og fleiri eftir en áður. Af þessum ástæðum er það mikil nauðsyn, að þannig sé háttað gengisskráningarvaldinu, að gengisbreytingar verði ekki gerðar að ófyrirsynju.

Með bráðabirgðalögum, sem sett voru sumarið 1961, var sú breyting gerð, að gengisskráningarvaldið var tekið af Alþingi og falið Seðlabankanum og ríkisstjórninni, sem í reynd er hið sama og fela það ríkisstjórninni einni, þar sem hún ræður alveg yfir Seðlabankanum. Það kom fljótt í ljós, að þetta ábyrgðarmikla vald var hér falið aðilum, sem kunnu ekki að fara með það. Í kjölfar þessarar breytingar fylgdi nær strax gengislækkun, sem gerð var fullkomlega að ástæðulausu. Sú gengislækkun hefur leitt af sér hina mestu dýrtiðarskriðu, sem enn er ekki séð fyrir endann á, og orsakað meiri ringulreið í efnahagsmálum en hér hefur áður verið, eins og sést á því, að flestir kaupsamningar hafa verið lausir um alllangt skeið.

Vegna þess, hvernig gengisskráningarvaldinu var beitt sumarið 1961, ríkir nú mikill ótti við nýja gengisfellingu, og veldur hann margvíslegri óreiðu og upplausn í efnahagsmálum.

Af þeim ástæðum, sem hér eru raktar, er það lagt til, að sú skipan verði tekin upp að nýju, að Seðlabankinn megi ekki breyta gengisskráningunni nema að fengnu samþykki Alþingis. Það er aukin trygging þess, að gengið verði ekki fellt að ófyrirsynju. Hins vegar nægir það eitt vitanlega ekki til þess að tryggja sem stöðugast gengi krónunnar, en það þarf jafnan að vera megintakmark efnahagsstefnunnar. Til þess að tryggja stöðugt gengi krónunnar þarf að koma á nýrri skipan efnahagsmálanna, er byggist ekki sízt á réttlátri skiptingu þjóðarteknanna og aukinni samvinnu stéttanna.